

Mánudaginn 30. nóvember 1942.

Nr. 100/1942. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Þórði Stefánssyni (Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta ákvæði hans um refsivist kærða.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur það komið upp, að kærði var með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja 12. sept. 1939 dæmdur til að greiða 100 króna sekt í rikissjóð og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Með því að hann hefur nú aftur gerzt sekur um sams konar brot, þá ber samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Kærða ber að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þórður Stefánsson, sæti varðhaldi 10 daga.
Hann skal sviptur ökuleyfi ævilangt.

Kærði greiði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Garðars Þorsteinssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 1536/1942: Valdstjórnin gegn Þórði Stefánssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní, er af valdstjórnarinnar

hálfu höfðað gegn Þórði Stefánssyni verkamanni til heimilis á Öldugötu 59 hér í bæ fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1893 að Hrútafelli undir Eyjafjöllum og hefur, svo að kunnugt sé, einu sinni fengið 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Föstudagskvöldið 5. þ. m. kl. um 8½ kom Svavar Júlíusson bifreiðarstjóri á lögreglustöðina og tilkynnti, að mjög ölvaður maður væri að reyna að snúa vél vörubifreiðarinnar R 1935 í gang í Kirkjustræti. Tveir lögregluþjónar, Haraldur Jensson og Kristján Hafliðason, brugðu þegar við og fóru út í Kirkjustræti. Þar sáu þeir kærða, Þórð Stefánsson, vera að reyna að snúa vél bifreiðarinnar í gang. Þeir tóku kærða fastan, þar sem hann var áberandi ölvaður, og færðu hann á lögreglustöðina, en þar var hann sökum ölvunar sinnar hafður í haldi um nóttina.

Á lögreglustöðinni játaði kærði að hafa ekið bifreiðinni heiman að frá sér, frá Öldugötu 59, og niður í miðbæ, en neitaði aftur á móti að hafa bragðað áfengi.

Fyrir réttinum hefur kærði játað að hafa neytt áfengis heima hjá sér umrætt kvöld, áður en hann var tekinn fastur. Hann kveðst hafa drukkið hálfa flösku af vermouth, og hefur fráskilin kona hans, Katrín Guðmundsdóttir, er býr á heimili kærða, einnig borið það. Kærði neitar því eindregið að hafa kennt áfengisáhrifa af drykkju þessari, en hann segist algerlega hafa misst minnið nokkru síðar og ekki hafa munað eftir sér fyrr en hann vaknaði í fangaklefa lögreglunnar morguninn eftir. Hann segir þetta hafa einu sinni komið fyrir áður, er hann var úti á sjó, og missti hann þá minnið í 3—4 tíma.

Kærði man ekki til þess að hafa leyft neinum afnot bifreiðarinnar um þetta leyti, og ekki getur hann tilgreint neinn mann, sem kynni að hafa ekið bifreiðinni frá heimili hans, Öldugötu 59, og niður í Kirkjustræti.

Vinið fékk kærði úr Áfengisverzlun ríkisins. Fékk hann afhentar 15 flöskur af léttum vinum í tilefni af afmæli sínu 15. þ. m.

Eigandi vörubifreiðarinnar R. 1935 er sonur kærða, Stefán Þórðarson, sem nú dvelst á Vífilstaðahæli, en kærði annast bifreiðina og ekur henni í fjarveru sonarins.

Blóðsýnishorn var tekið úr kærða í Landspítalanum, og sýnir það 1,6% alkohols í blóði hans.

Með framburði vitnanna og ákvörðun blóðsýnishornsins verður talið fullsannað, þrátt fyrir mótmæli kærða, að hann hafi verið ölvaður í umrætt skipti. Enn fremur verður rétturinn að líta svo á, að kærði hafi ekið bifreiðinni þessu sinni frá Öldugötu 59 og niður í Kirkjustræti, enda hefur hann hvorki getað mótmælt því né tilgreint annan mann, er kynni að hafa gert það.

Með þessu framferði sinu hefur kærði brotið 21. gr. áfengisлага nr. 33 9. janúar 1935 og 1. málsg. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Þórður Stefánsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1942.

Nr. 26/1942. Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson
gegn

Rósinkar Ingimundarsyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Rósinkar Ingimundarsyni, er hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 150 í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.